Fullgild rafræn undirskrift
**REGÍNA ÁSVALDSDÓTTIR**
Kennitala: 300660-3989
2026-03-02 17:27:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ÞÓR SIGURGEIRSSON**
Kennitala: 070467-8369
2026-03-02 18:07:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**PÁLL BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**
Kennitala: 150870-4379
2026-03-02 19:17:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**VALDIMAR VÍÐISSON**
Kennitala: 100978-3509
2026-03-03 09:11:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ÞORBJÖRG GÍSLADÓTTIR**
Kennitala: 010263-4339
2026-03-03 10:38:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ALMAR GUÐMUNDSSON**
Kennitala: 030572-2979
2026-03-03 10:58:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR**
Kennitala: 210271-5549
2026-03-03 18:24:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**
Kennitala: 280978-3459
2026-03-04 11:25:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**HARALDUR ÖRN REYNISSON**
Kennitala: 310177-5399
2026-03-04 12:59:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Ársreikningur 2025

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur
Kt. 681077-0819

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR VALUR GÍSLASON
Kennitala: 060358-6809
2026-02-26 17:28:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐNÝ MAJA RIBA PÉTURSDÓTTIR
Kennitala: 270284-2649
2026-02-26 17:57:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Ársreikningur 2025

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur
Kt. 681077-0819

# Efnisyfirlit

Bls.

Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra ............ 3

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna ............ 5

Rekstrarreikningur ............ 7

Efnahagsreikningur ............ 8

Sjóðstreymisyfirlit ............ 9

Skýringar ............ 10

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsfólks sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsemi SSH var að venju umfangsmikil á árinu 2025. Alls voru formlegir fundir stjórnar SSH 27, eigendafundir Sorpu bs. 2, eigendafundir Strætó bs. 5 og Stefnuráð byggðasamlaganna fundaði einu sinni. Þá voru haldnir 8 svokallaðir örfundir þar sem öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var boðið til fundar um þau sameiginlegu verkefni og málefni sem voru hæst á baugi hjá SSH. Helsta verkefni SSH á árinu var vinna við stofnun á nýju félagi um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, Almenningssamgöngur höfuðborgasvæðisins ohf., skv. samkomulagi um rekstur og stjórnskipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem undirritað var 21. ágúst 2024. Þá var unnið að öðrum verkefnum sem tengjast samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins sem og starfsemi Betri samgangna ohf.

Á árinu 2025 var unnið að áhersluverkefnum nýrrar sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029 en stjórn SSH samþykkti nýja sóknaráætlun í byrjun árs 2025 ásamt þeim áhersluverkefnum sem unnið verður að á næstu árum. Áhersluverkefnin sem unnið var að á árinu 2025 voru alls 15, 8 ný og 7 eldri sem eru ennþá í vinnslu. Ný áhersluverkefni eru nýting gervigreindar í starfsemi sveitarfélaganna, álagsdreifing umferðar, staða og þróun íbúða- og atvinnuhúsnæðis, innviðagreining og þróun húsnæðismála, lykiltölur hins byggða umhverfis, samspil og verkefni velferðarþjónustu, álag í skólastarfi og sérskóli á höfuðborgarsvæðinu.

Á árinu 2025 fundaði Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins 10 sinnum og tók um 40 erindi til efnislegrar meðferðar. Auk þess að skila inn umsögnum um ýmis skipulagsmál fékk nefndin á fundi sína ýmsa aðila til samtals um mikilvæg málefni s.s. er varða almannavarnir, húsnæðisþróun á höfuðborgarsvæðinu, starfsemi Skipulagsstofnunar og vatnsvernd. Nefndin hefur staðið fyrir heimsóknum í aðildarsveitarfélögin og heimsótti m.a. Hafnarfjörð á árinu og kynnti sér helstu skipulagsverkefni sem í gangi eru í sveitarfélaginu. Þá tekur nefndin þátt í framkvæmd ferðavenjukönnunar 2025 sem nær yfir allt landið og er unnin í samstarfi ýmissa hagaðila undir stjórn innviðaráðuneytisins.

Mörg tilfallandi verkefni eru í gangi hjá samtökunum á hverjum tíma. Í því samhengi er rétt að nefna umsagnir þingmála og eftirfylgni þeirra, almenna hagsmunagæslu, verkefni sem snúa að byggðasamlögunum, rekstrarkostnaði samgönguinnviða, skilavegum, höfuðborgargirðingu, lóðamálum, akstri fyrir fatlað fólk o.fl. Þá er verkefnastjóri að störfum er varðar farsæld barna en svæðisbundið farsældarráð höfuðborgarsvæðisins var stofnað á árinu 2025 og er unnið að krafti að þeim verkefnum sem farsældinni tengjast.

Unnið var áfram að þróun framkvæmda á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og umsýslu við tilraunaborholur á Bláfjallasvæðinu sem tengist mótvægisaðgerðum og vatnsvernd svæðisins.

Á vettvangi SSH störfuðu á árinu þverfaglegir samráðshópar sveitarfélaganna um ýmis samstarfsverkefni vegna sóknaráætlunar, velferðarmála, skólamála, skipulagsmála, samgöngumála o.fl. Heimasíða samtakanna hefur verið í áframhaldandi þróun en henni er ætlað að auðvelda til muna upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa og annarra hagaðila, en áður hafði jafnframt verið tekin i gagnið sérstök gagnagátt þar sem kjörnir fulltrúar geta nálgast fundargerðir og fylgigögn þeirra. Aðalfundur samtakananna var haldinn 14. nóvember, þar sem auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var umræða um hvar tækifærin liggja í auknu samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru undirritaðir samningar við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og um svæðisbundið farsældarráð hbsv.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2025 en þau eru Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Kjósarhreppur.

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2025 er afkoma samtakanna neikvæð um 0,2 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi nam 32,4 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld á skrifstofu SSH námu 61,1 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Þá starfar svæðisskipulagsstjóri á skrifstofu SSH og meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar. Samtals nam kostnaður verkefnisins 39,5 millj. kr. á árinu. Þá starfar hjá samtökunum verkefnastjóri farsældar barna í fullu starfi en um tímabundið verkefni til tveggja ára er um að ræða.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Kópavogur, 2. mars 2026
Framkvæmdastjóri
Páll Björgvin Guðmundsson

Í stjórn samtakanna:
Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar
Almar Guðmundsson
Ásdís Kristjánsdóttir
Regína Ásvaldsdóttir
Valdimar Víðisson
Þorbjörg Gísladóttir
Þór Sigurgeirsson

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu („félagið") fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 2. mars 2026

***KPMG ehf.***

Haraldur Örn Reynisson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2024 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 26. febrúar 2026

Guðný Maja Riba

Gunnar Valur Gíslason

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af endurskoðanda og skoðunarmönnum.

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | Ársreikningur 2025 | Fjárhagsáætlun 2025 | Ársreikningur 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Árgjöld aðildarsveitarfélaga | 4 | 44.119.420 | 44.017.080 | 41.607.784 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | | 49.799.154 | 54.000.000 | 51.268.788 |
| | | 93.918.574 | 98.017.080 | 92.876.572 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 61.125.027 | 59.945.331 | 56.380.838 |
| Húsnæðiskostnaður | 6 | 8.909.555 | 9.282.350 | 8.363.173 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 17.377.816 | 19.010.438 | 16.293.289 |
| | | 87.412.398 | 88.238.119 | 81.037.300 |
| Verkefnakostnaður | 8 | 10.774.942 | 13.000.000 | 10.729.210 |
| | | 98.187.340 | 101.238.119 | 91.766.510 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | | ( 4.268.766 ) | ( 3.221.039 ) | 1.110.062 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 5.271.057 | 1.452.478 | 6.842.350 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 1.159.632 ) | 0 | ( 1.505.317 ) |
| Vaxta- og þjónustugjöld | | ( 55.708 ) | 0 | ( 58.627 ) |
| | | 4.055.717 | 1.452.478 | 5.278.406 |
| **Afkoma ársins** (neikvæð) | 10 | ( 213.049 ) | ( 1.768.561 ) | 6.388.468 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Skammtímakröfur | | 12.628.550 | 17.062.377 |
| Handbært fé | | 107.486.108 | 96.987.390 |
| | | 120.114.658 | 114.049.767 |
| **Eignir samtals** | | 120.114.658 | 114.049.767 |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | 9 | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 10 | 32.436.290 | 32.649.339 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 13.313.991 | 11.076.263 |
| Skammtímaskuldir | | 15.859.918 | 12.430.831 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 144.006 | |
| Ónotað verkefnafé | | 58.360.453 | 57.893.334 |
| | | 87.678.368 | 81.400.428 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 120.114.658 | 114.049.767 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Afkoma ársins (neikvæð) ........................................ | 10 | ( 213.049 ) | ( 1.768.561 ) | 6.388.468 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 213.049 ) | ( 1.768.561 ) | 6.388.468 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) ................ | | 4.433.827 | 0 | ( 3.277.660) |
| Skammtímaskuldir, hækkun ............................. | | 6.277.940 | 0 | 6.668.328 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 10.711.767 | 0 | 3.390.668 |
| Handbært fé frá rekstri | | 10.498.718 | ( 1.768.561 ) | 9.779.136 |
| **Hækkun á handbæru fé á árinu** ............................ | | 10.498.718 | ( 1.768.561) | 9.779.136 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** ........................................ | | 96.987.390 | 96.987.390 | 87.208.254 |
| **Handbært fé í árslok** .............................................. | | 107.486.108 | 95.218.829 | 96.987.390 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

### 3. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2025 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisyfirliti til samanburðar.

### 4. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

| | 2025 | 2024 |
|---|---:|---:|
| Reykjavíkurborg | 24.808.270 | 23.514.812 |
| Kópavogsbær | 7.029.670 | 6.653.480 |
| Hafnarfjarðarbær | 5.534.350 | 5.166.492 |
| Garðabær | 3.490.270 | 3.197.016 |
| Seltjarnarnesbær | 802.230 | 772.604 |
| Mosfellsbær | 2.402.440 | 2.257.952 |
| Kjósarhreppur | 52.190 | 45.428 |
| | 44.119.420 | 41.607.784 |

### 5. Laun og launatengd gjöld:

| | 2025 | 2024 |
|---|---:|---:|
| ***Laun skrifstofu:*** | | |
| Laun framkvæmdastjóra | 24.096.306 | 23.267.409 |
| Önnur laun skrifstofu | 25.888.729 | 24.262.221 |
| Laun varamanna í stjórn | 1.112.811 | 0 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 6.842.173 | 6.416.509 |
| Sjúkra- og orlofssjóðsgjöld | 1.602.540 | 1.591.621 |
| Tryggingagjald | 3.747.909 | 3.493.582 |
| Tryggingar | 86.775 | 99.786 |
| Annar starfsmannakostnaður | 648.880 | 396.078 |
| Áfallið orlof | 315.165 | ( 122.753 ) |
| Þátttaka sóknaráætlunar í launakostnaði skrifstofu | ( 2.136.261 ) | ( 2.051.615 ) |
| Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað | ( 1.080.000 ) | ( 972.000 ) |
| | 61.125.027 | 56.380.838 |
| ***Laun svæðisskipulags:*** | | |
| Laun starfsmenn svæðisskipulags | 15.878.514 | 12.394.232 |
| Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn | 6.195.763 | 5.751.403 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 2.767.365 | 2.296.530 |
| Sjúkra og orlofssjóðsgjöld | 251.220 | 347.928 |
| Tryggingagjald | 1.577.462 | 1.298.118 |
| Dagpeningar | 142.502 | 113.575 |
| Annar starfsmannakostnaður | 97.850 | 44.100 |
| Samgöngustyrkur | 126.000 | 73.300 |
| Áfallið orlof | 723.239 | 48.774 |
| Launakostn. vegna svæðisskipulags fært á verkefniskostn. | ( 27.759.915 ) | ( 22.367.960 ) |
| | 0 | 0 |

## 5. Laun og launatengd gjöld, frh.:

***Laun farsæld***

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 10.016.667 | 0 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 1.352.250 | 0 |
| Sjúkra og orlofssjóðsgjöld | 352.588 | 0 |
| Tryggingagjald | 726.786 | 0 |
| Áfallið orlof | 1.026.673 | 0 |
| Annar starfsmannakostnaður | 283.419 | 0 |
| | 13.758.383 | 0 |
| Hlutdeild sérverkefna í launakostnaði | ( 13.758.383 ) | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 61.125.027 | 56.380.838 |

## 6. Húsnæðiskostnaður:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 6.246.056 | 5.994.960 |
| Annar kostnaður | 2.663.499 | 2.368.213 |
| | 8.909.555 | 8.363.173 |

## 7. Annar rekstrarkostnaður:

| | | |
|---|---|---|
| Framlag SSH til sóknaráætlunar | 6.000.000 | 5.000.000 |
| Tölvuþjónusta | 3.176.424 | 2.652.847 |
| PBI mælaborð | 636.979 | 1.865.825 |
| Bókhaldsþjónusta | 2.676.900 | 2.242.500 |
| Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.) | 874.237 | 828.851 |
| Aðalfundur | 484.697 | 0 |
| Sími og burðargjöld | 490.690 | 480.691 |
| Bifreiðastyrkir | 1.085.277 | 1.071.318 |
| Rekstur og viðhald tölvukerfis | 2.235.035 | 2.024.064 |
| Gjaldfærð símtæki og tölvubúnaður | 909.766 | 1.226.745 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.571.153 | 1.465.775 |
| Öryggisúttekt tölvukerfa | 0 | 1.039.000 |
| Ráðstefnur og námskeið | 219.498 | 98.120 |
| Ráðningaþjónusta | 543.230 | 869.240 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 2.071.550 | 512.063 |
| Auglýsingar og textavinna | 632.892 | 786.904 |
| Ferðakostnaður | 160.584 | 262.940 |
| Bækur, blöð, tímarit | 109.310 | 106.120 |
| Pappír, prentun, ritföng | 198.060 | 253.179 |
| Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði | ( 5.000.000 ) | ( 5.000.000 ) |
| Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði | ( 1.773.397 ) | ( 1.574.372 ) |
| Annar kostnaður | 74.931 | 81.479 |
| | 17.377.816 | 16.293.289 |

***Sóknaráætlun landshlutasamtaka***

Sóknaráætlunarverkefnin eru unnin í samfellu milli ára og byggjast á fjármögnun og samstarfi fleiri aðila. Umfang þeirra eins og þau koma fram í ársreikningi er því meira en sem nemur árlegu framlagi ríkissjóðs. Nánari sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna verkefnanna er að finna í yfirliti í viðauka með ársreikningi. Af hálfu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var veitt framlag að upphæð 3,9 millj. kr til vinnu við umsýslu sóknaráætlunar.

## 8. Verkefnakostnaður, frh.:

***Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.***

| *Sóknaráætlun 2025:* | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Ríkissjóður vegna sóknaráætlunar, innheimt vegna ársins | 38.000.000 | 25.000.000 |
| Ríkissjóður vegna sóknaráætlunar, innheimt vegna fyrra árs | 0 | 10.000.000 |
| Framlag SSH til sóknaráætlunar | 6.000.000 | 5.000.000 |
| Framlag frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 0 | 12.500.000 |
| Vaxtatekjur | 1.157.313 | 1.895.149 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna sóknaráætlunar 2020-2024 | 0 | 3.625.987 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna sóknaráætlunar 2025 | 3.909.658 | 4.418.650 |
| Innheimt á árinu vegna sóknaráætlunar | 49.066.971 | 62.439.786 |
| Ríkissjóður vegna sóknaráætlunar, breyting óinnheimt | 0 | ( 10.000.000 ) |
| Ónotað innheimt verkefnafé sóknaráætlunar í upphafi árs | 28.707.472 | 19.604.502 |
| Ónotað verkefnafé sóknaráætlunar í árslok | ( 32.323.367 ) | ( 28.707.472 ) |
| Ráðstöfuð framlög á árinu | 45.451.076 | 43.336.816 |
| Sameiginlegur kostnaður | 3.909.658 | 3.625.987 |
| Forvarnir og geðrækt hjá ungmennum | 603.100 | 2.948.000 |
| Fráveitumál | 1.862.626 | 1.258.400 |
| Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum | 0 | 2.067.237 |
| Móttaka barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn | 1.451.800 | 288.550 |
| Sameiginlegur innkaupavefur | 354.520 | 192.000 |
| Þróun Hvítár til Hvítár | 1.028.125 | 2.439.525 |
| Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu | 0 | 3.833.500 |
| Endurnotkun á textíl | 7.161.131 | 5.338.869 |
| Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins | 5.027.020 | 10.659.448 |
| Almenningssamgöngur -nýir notendur | 0 | 2.292.520 |
| Innleiðing hringrásarhagkerfisins á hbsv | 0 | 113.300 |
| Loftslagsstefna -Samstarfsverkefni URN og SSH | 0 | 3.860.830 |
| Sóknaráætlun 2025 | 0 | 4.418.650 |
| Nýting gervigreindar í starfsemi sveitarfélaganna | 3.245.700 | 0 |
| Álagsdreifing umferðar | 2.712.409 | 0 |
| Staða og þróun íbúða og atvinnuhúsnæðis | 4.307.827 | 0 |
| Innviðagreining og þróun húsnæðismála | 4.728.000 | 0 |
| Lykiltölur hins byggða umhverfis | 1.002.750 | 0 |
| Samspil og virkni velferðarþjónustu | 2.227.760 | 0 |
| Álag í skólastarfi | 2.880.200 | 0 |
| Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu | 2.948.450 | 0 |
| | 45.451.076 | 43.336.816 |
| Sóknaráætlun 2020-2025 | 0 | 0 |
| ***Framlög ársins:*** | **2025** | **2024** |
| Framlag ríkissjóðs | 38.000.000 | 25.000.000 |
| Framlag sveitarfélaga | 6.000.000 | 5.000.000 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 0 | 3.625.987 |
| Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna sóknaráætlunar 2025 - 2029 | 3.909.658 | 4.418.650 |
| Framlög annarra | 0 | 12.500.000 |
| | 47.909.658 | 50.544.637 |
| ***Innheimt framlög:*** | | |
| Framlag ríkissjóðs | 38.000.000 | 25.000.000 |
| Framlag sveitarfélaga | 6.000.000 | 5.000.000 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 3.909.658 | 8.044.637 |
| Framlög annarra | 0 | 12.500.000 |
| | 47.909.658 | 50.544.637 |
| Óinnheimt verkefnafé í árslok | 0 | 0 |

## 8. Verkefnakostnaður, frh.

***Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.***

Framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar eru innheimt sem hluti af árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna. Óinnheimt og ónotað verkefnafé færist milli ára og mun verða nýtt á komandi ári til verkefna tengdum Sóknaráætlun 2025-2029.

***Svæðisskipulag:***

Í samræmi við samkomulag aðildarsveitarfélaganna annast skrifstofa SSH rekstur og stjórnsýslulegt utanumhald um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þann 23. nóvember 2021 var samkomulagið endurnýjað og féll úr gildi eldra samkomulag frá 24. ágúst 2012. Fjárhagur svæðisskipulagsins er aðgreindur frá almennum rekstri skrifstofu SSH, sveitarfélögin greiða sérstaklega laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar og framlög í sérstakan verkefnasjóð í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti meðfylgjandi ársreikningi þessum.

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags | 32.902.926 | 30.456.805 |
| Verkefnafé | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári | 11.572.061 | 12.300.796 |
| Ónotað verkefnafé svæðisskipulags | ( 10.014.368 ) | ( 11.572.061 ) |
| Innheimt vegna svæðisskipulags | 39.460.619 | 36.185.540 |
| Laun svæðisskipulagsstjóra | 15.878.514 | 12.394.232 |
| Laun svæðisskipulagsnefndar | 6.195.763 | 5.751.403 |
| Launatengd gjöld | 4.596.047 | 3.942.576 |
| Breyting áfallins orlofs | 723.239 | 48.774 |
| Annar starfsmannakostaður | 97.850 | 44.100 |
| Bifreiða- og samgöngustyrkur | 126.000 | 73.300 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 6.700.704 | 8.639.848 |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 142.502 | 421.847 |
| Innheimtur útlagður kostnaður | ( 560.525 ) | ( 130.540 ) |
| Útlagður kostnaður | 560.525 | 0 |
| | 39.460.619 | 36.185.540 |
| Svæðisskipulag | 0 | 0 |

| ***Almenningssamgöngur:*** | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Framlög Vegagerðarinnar v. sam. um eflingu almenningssamg | ( 2.651.927.500 ) | ( 906.000.000 ) |
| Greitt til Strætó bs | 2.651.927.500 | 906.000.000 |
| | 0 | 0 |

Þann 21. ágúst 2024 gerðu ríkið og aðildarsveitarfélög SSH m.a. samkomulag um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og stofnun sameiginlegs nýs félags í sameiginlegri eigu frá 1. janúar 2025. Unnið var sameiginlega að undirbúningi að stofnun félagsins fram eftir ári 2025 og fóru greiðslur frá ríkinu (Vegagerðinni), í gegn um SSH sbr. fyrra fjárhagslegt skipulag á samstarfssamningi ríkis og sveitarfélaga frá 2012.

## 8. Verkefnakostnaður, frh.

| *Annar verkefnakostnaður:* | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Viðhald girðinga | 6.579.763 | 6.332.268 |
| Vatnsvernd, aðkeypt þjónusta | 15.398.463 | 14.940.300 |
| Borholuverkefni, aðkeypt þjónusta | 3.664.374 | 161.288.441 |
| Almenningssamgöngur - samgöngusáttmáli | 16.812.365 | 4.396.942 |
| Umdæmisráð | 4.032.293 | 2.006.658 |
| Verkefni um farsæld barna | 15.931.271 | 0 |
| Skotíþróttasvæði | 1.083.250 | 2.478.700 |
| Önnur verkefni | 473.000 | 0 |
| Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar borholuverkefni | ( 17.471.754 ) | ( 193.842.542 ) |
| Vatnsvernd, innheimt verkefnafé flutt til næsta árs | ( 1.591.083 ) | 17.613.801 |
| Innheimt hjá ríkissjóði vegna farsældar barna | ( 15.039.858 ) | 0 |
| Farsæld barna, óinnheimt verkefnafé | ( 891.413 ) | 0 |
| Innheimt hjá sveitarf. v/ umdæmisráðs | ( 4.032.293 ) | ( 2.006.658 ) |
| Innheimt hjá sveitarf. v/ almenningssamgangna og samg.sáttm | ( 13.090.186 ) | 0 |
| Innheimt hjá sveitarf. v/ skotíþróttasvæðis | ( 1.083.250 ) | ( 2.478.700 ) |
| | 10.774.942 | 10.729.210 |
| Verkefnakostnaður samtals | 10.774.942 | 10.729.210 |

## 9. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða tölvubúnað, húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

## 10. Yfirlit um eiginfjárreikning

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Eiginfjárreikningur í ársbyrjun | 32.649.339 | 26.260.871 |
| Afkoma ársins | ( 213.049 ) | 6.388.468 |
| Eiginfjárreikningur í árslok | 32.436.290 | 32.649.339 |

## 11. Samningar

Hinn 21. ágúst 2024 skrifuðu íslenska ríkið og sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes undir samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald. Fól samkomulagið það m.a. í sér að komið yrði á fót nýju félagi eða rekstrareiningu sem annist þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Á haustdögum 2024 var skipaður sérstakur stýrihópur vegna undirbúnings stofnunar félagsins. Félagið, Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf., sem er í sameiginlegri eigu ríkisins, sem fer með 33% eignarhlut og sveitarfélaganna sem fara með 67% eignarhlut, var stofnað í september 2025 og tók til starfa 1. janúar 2026. Fjármögnun starfsemi þess er til samræmis við skiptingu eignarhalds. Samningur var gerður við Expectus ráðgjöf ehf. um ráðgjöf og verkefnastjórn vegna stofnunar félagsins en einnig hefur verið leitað lögfræðiálita og annarrar utanaðkomandi ráðgjafar. Kostnaður sem greiddur var af verkefnafé SSH vegna þessa nam um 3,7 milljónum kr. á árinu en annar kostnaður var greiddur af sveitarfélögunum og Strætó bs.

Hinn 28. janúar 2025 gerðu SSH annars vegar og innviðaráðuneyrið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hins vegar með sér samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins var í kjölfarið samþykkt á fundi stjórnar SSH 17. febrúar 2025. Sóknaráætlun svæðisins er stefnumótandi áætlun en árlega eru skilgreind áhersluverkefni sem ætlað er að endurspegla markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar. Nam greiðsla innviðaráðuneytisins vegna samningsins 38 milljónum kr. vegna ársins 2025 og framlag SSH 6 milljónum kr. Sú fjárhæð er nýtt við framkvæmd áhersluverkefna, en þeim er stýrt af SSH og unnin með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa.

Þá er í gildi sérstakur viðaukasamningur við sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins milli SSH og mennta- og barnamálaráðuneytisins. Tekur hann til starfs verkefnastjóra svæðisbundins farsældarráðs á höfuðborgarsvæðinu og er framlagi ráðuneytisins ætlað að standa undir kostnaði við það stöðugildi í tvö ár. Verkefnastjóri svæðisbundins farsældarráðs hóf störf í febrúar 2025 og hefur aðsetur á skrifstofu SSH.

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar árið 2023 var hönnun sérstaks útivistarvefs fyrir höfuðborgarsvæðið. Vefurinn utumallt.is var formlega opnaður í febrúar 2025. Samkvæmt samningi milli SSH og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins sér markaðsstofan um umsjón, þróun og kynningu á vefnum. Greiðsla SSH vegna þeirrar umsýslu var 4,5 milljónir kr. á árinu 2025.

Hinn 22. júní 2020 var gert samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennslislíkans á höfuðborgarsvæðinu en aðilar þess eru Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Veitur ohf. Tilgangur samkomulagsins, sem byggir á fyrirliggjandi markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, er að staðfesta vilja og ákvörðun sveitarfélaganna um sameiginlega vatnsvernd og samræmingu ákvarðana sem snerta vatnsverndarsvæðin. Kostnaði við árlegt viðhald og endurskoðun grunnvatns- og rennslislíkans svo og sértækra viðbótargrunnrannsókna er skipt milli vatnsveitna sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda.

Sem mótvægisaðgerð vegna framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum var farið í borun rannsóknarborhola. Tilgangurinn er að vakta grunnvatn höfuðborgarsvæðisins enn betur en það á upptök sín á þessu svæði. COWI var falið að sjá um verkefnastjórnun vegna útboðs, eftirlits og leyfisveitinga við borun á fjórum nýjum rannsóknarborholum til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæði. Undirritaður var verksamningur við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. (Ræktó) vegna rannsóknarborana á Bláfjallasvæði 20. júní 2024. Einnig var undirritaður verksamningur við Jarðval sf. þann 4. júní 2024 um jarðvinnu vegna rannsóknarborana á Bláfjallasvæðinu. Borun hófst við þrjár holur sumarið 2024. Ein þeirra er fullkláruð en tvær eru ókláraðar vegna áskorana við borun og gerð jarðlaga á svæðinu. Á svæðinu eru einnig fyrir tvær borholur, boraðar árin 1995 og 2023. Þann 7. maí 2025 var undirritaður samningur við COWI ehf. um uppsetningu og rekstur mælistöðva vegna grunnvatnsvatnsmælinga í þeim þremur borholum á svæðinu sem eru fullkláraðar. Samningar um rekstur mælistöðva eru til þriggja ára.

## 11. Samningar, frh.

Hinn 12. desember 2022 var undirritaður samningur um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs barnaverndar aðildarsveitarfélaga SSH utan Reykjavíkur. Samningurinn er til fimm ára og gildir því til ársloka 2027. Samkvæmt samningnum annast SSH fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna. Sérstakur samningur ásamt viðauka hefur verið gerður um verkefni SSH en þau fela m.a. í sér umsýslu með samningum um rafrænt vinnusvæði ráðsins, tölvupóstfang, rafrænar undirritanir og skjalasendingar og fastar árlegar greiðslur til ráðsmanna. Heildarkostnaður vegna þessara þátta nam um 1,2 millj. kr. á árinu 2025 og skiptist milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda. Jafnframt fara launagreiðslur til sérstaks ritara umdæmisráðs í gegnum SSH en kostnaður vegna þess er innheimtur sérstaklega hjá þeim sveitarfélögum sem eiga aðild að málum fyrir ráðinu hverju sinni.

Meðal verkefna SSH er að annast rekstur og viðhald á fjárheldri girðingu um höfuðborgarsvæðið. Bæði er um að ræða tilfallandi viðhaldsaðgerðir, t.a.m. ef rof kemur á girðinguna, en einnig getur verið nauðsynlegt að ráðast í umfangsmeiri endurnýjun og endurbætur á girðingunni. Á árinu 2024 var gengið til samninga við nýjan verktaka til að sinna eftirliti, viðhaldi og rekstri girðingarinnar. Kostnaður við samninginn nam um 6,4 milljónum króna á árinu 2025.

Eru þá ótaldir ýmsir samningar sem varða rekstur skrifstofu SSH, s.s. vegna húsaleigu, tölvu- og netþjónustu, bókhaldsþjónustu og verktöku í tilteknum verkefnum tengdum áhersluverkefnum sóknaráætlunar og öðrum verkefnum sem SSH takast á við hverju sinni.

## 12. Aðrir samningar

Hinn 26. september 2019 var undirritað samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára þ.e. til og með ársins 2033 (Samgöngusáttmálinn). Skrifað var undir uppfærslu Samgöngusáttmálans 21. ágúst 2024 og er gildistími hans nú út árið 2040. Stjórn SSH fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og annast á grundvelli þess eftirfylgni, eftirlit og utanumhald með samkomulaginu m.a. með skipun þriggja af sex stjórnarmönnum í stjórn Betri samgangna ohf. Greiðslur sveitarfélaganna til Samgöngusáttmálans fara nú beint frá sveitarfélögunum til Betri samgangna ohf. skv. samkomulagi þar um.

Hinn 6. mars 2020 gerðu sveitarfélögin Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær samning við Strætó bs. vegna framkvæmdar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Samhliða voru settar sameiginlegar reglur fyrrgreindra sveitarfélaga um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og samkomulag þeirra um sameignlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Framangreint felur m.a. í sér að Strætó bs. fer með umsýslu með rekstri akstursþjónustunnar en jafnframt ber sérstök stjórn akstursþjónustunnar faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu.

# Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2025

| | Svæðis-skipulag | Sóknar-áætlun | Viðhald girðinga | Almennings samgöngur | Vatnsvernd | Umdæmisráð | Farsæld | Samg. sáttm. þ.m.t. almenn. | Önnur vekefni | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Innheimt vegna verkefna** | | | | | | | | | | |
| Hlutdeild ríkissjóðs | | 41.909.658 | | | | | 15.039.858 | | | 56.949.516 |
| Verkefnafé sveitarfélaga | 37.902.926 | 6.000.000 | | | | | | | | 43.902.926 |
| Rekstrarframlag sveitarfélaga og byggðas. | | | | | 17.471.754 | 4.032.293 | | 13.090.188 | | 34.594.235 |
| Vaxtatekjur | | 1.157.313 | | | | | | | | 1.157.313 |
| Vegagerðin v. sam. um eflingu almenningssamg. | | | | 2.651.927.500 | | | | | | 2.651.927.500 |
| Ónotað verkefnafé fyrra árs | 11.572.061 | 28.707.472 | | | | | | | | 40.279.533 |
| Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs) | ( 10.014.368 ) | ( 32.323.367 ) | | | 1.591.083 | | 891.413 | | | ( 39.855.239 ) |
| | 39.460.619 | 45.451.076 | 0 | 2.651.927.500 | 19.062.837 | 4.032.293 | 15.931.271 | 13.090.188 | 0 | 2.788.955.784 |
| **Kostnaður vegna verkefna** | | | | | | | | | | |
| Laun og tengd gjöld | 27.759.915 | | | | | 4.032.293 | 13.758.383 | | | 45.550.591 |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 560.525 ) | | | | | | 2.172.888 | | | 1.612.363 |
| Verkefniskostnaður | 7.261.229 | 41.541.418 | 6.579.763 | 2.651.927.500 | 19.062.837 | | | 16.812.365 | 473.000 | 2.743.658.112 |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 5.000.000 | 3.909.658 | | | | | | | | 8.909.658 |
| | 39.460.619 | 45.451.076 | 6.579.763 | 2.651.927.500 | 19.062.837 | 4.032.293 | 15.931.271 | 16.812.365 | 473.000 | 2.799.730.724 |
| Verkefnakostnaður SSH | 0 | 0 | 6.579.763 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.722.177 | 473.000 | 10.774.942 |